Kópavo

Kópavogi, 27.október 2023

Efni: Kynningarbréf_Ungmennaráð Kópavogs

Kæru nefndarmenn Kópavogsbæjar,

Það voru jákvæð og áhugasöm ungmenni sem sátu fyrsta fund Ungmennaráðs Kópavogsbæjar þetta starfsárið, þann 16.október síðastliðinn. Með bréfi þessu viljum við benda öllum ráðum og nefndum Kópavogsbæjar á hlutverk ungmennaráðs í Barnvænu sveitarfélagi. Sem Barnvænt sveitarfélag ber okkur að nota Barnasáttmálann sem viðmið í starfi okkar og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður í gegnum starfsemi sveitarfélagsins. Við viljum því minna starfsmenn og fulltrúar nefnda og ráða að setja upp „barnaréttindagleraugun“ reglulega og rýna og skoða verk- og ákvarðanaferla með hliðsjón af sáttmálanum. Barnasáttmálinn sé þannig nýttur sem verkfæri í stefnumótun, við gerð aðgerðaáætlana á grundvelli stefna sem og þjónustu við börn.

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk ungmennaráðs m.a:

- Að skapa ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Að skapa þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að gæta hagsmuna barna- og ungmenna í Kópavogi.
- Að vera bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð getur gert tillögur til bæjarstjórnar um málefni er varða þeirra hagsmunahópa. Ungmennaráð tekur til umsagnar mál frá bæjarráði og öðrum nefndum innan stjórnsýslunnar. Slík mál geta varðað forvarnarmál, starfsemi þeirra stofnanna sem börn- og ungmenni sækja og önnur mál er varða hagsmuni og umhverfi þeirra.

Fulltrúar

Ungmennaráð er skipað 15 fulltrúum. Kjörgengir eru þeir einstaklingar sem eiga lögheimili í Kópavogi og eru á aldrinum 13-20 ára.

Ráðið er skipað níu fulltrúum sem tilnefndir eru frá grunnskólum og félagsmiðstöðvum (sameiginlegur fulltrúi grunnskóla og félagsmiðstöðvar),

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

tveimur fulltrúum frá Menntaskólanum í Kópavogi og fjórum fulltrúum frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Verði breytingar á fjölda skóla í Kópavogi þá fjölgar/fækkar fulltrúum í ungmennaráði til samræmis við það.

Við hlökkum til samstarfsins,

Fyrir hönd Ungmennaráðs,

_____
Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar
Starfsmaður Ungmennaráðs Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026